

25.02.2020

Auglýsing um framlög til mannúðarverkefna félagasamtaka

Utanríkisráðuneytið vekur athygli á breyttri auglýsingu varðandi umsóknir um framlög sem veitt eru á grundvelli reglna nr. 300/2019 um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð. Auglýst var upphaflega 10. janúar sl. og fellur sú auglýsing úr gildi. Halda þær umsóknir, sem inn hafa komið á grundvelli þeirrar auglýsingar, gildi sínu en velkomið er að senda inn nýja umsókn.

Um framlögin

Veitt verða framlög til mannúðarverkefna er svara alþjóðlegum neyðarköllum.

Við mat á umsóknum verður stuðst við viðeigandi matsform sem er að finna á [heimasíðu utanríkisráðuneytisins](#).

Styrkhæfir aðilar

Til að teljast styrkhæf þurfa samtök að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem félagasamtök að annaðhvort rekstrarformi eða skv. starfsgreinaflokkun
- Starfa í þágu ófjárhagslegs tilgangs
- Hafa sett sér lög og hafa stjórn
- Félagsmenn, styrktaraðilar eða stuðningsaðilar eru minnst 30 talsins
- Tilgangur samtakanna gangi ekki gegn yfirmarkmiðum íslenskrar þróunarsamvinnu
- Halda í heiðri grundvallarreglur um mannúðaraðstoð
- Hafa lagt fram áritaðan ársreikning í samræmi við kröfur Ríkisendurskoðunar

Umsækjendur þurfa uppfylla þær kröfur um meðferð og vörslu fjármuna á sviði mannúðaraðstoðar sem Ríkisendurskoðun gerir. Jafnframt þurfa umsækjendur, sem falla undir lög nr. 119/2019 um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, að uppfylla skilyrði laganna um skráningu í almannaheillafélagaskrá áður en til styrkveitingar kemur.

Styrkfjárhæðir í boði

Til úthlutunar að þessu sinni er allt að 121 m.kr. en þar af er 76,5 m.kr. eyrnamerkt til verkefna sem bregðast við [neyðaráætlun Samræmingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum](#) eða [viðbragðsáætlun Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna](#) vegna neyðarinnar í Sírylandi. Styrkupp hæð getur numið allt að 95% af heildarkostnaði mannúðarverkefna.

Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur utanríkisráðuneytisins [nr. 300/2019](#) um styrkúthlutanir til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun. Þá skal koma fram mat á áhrifum verkefnisins. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

Umsækjendum er bent á umsóknareyðublöð, reglur utanríkisráðuneytisins nr. 300/2019 um styrkúthlutanir, matsviðmið og aðrar leiðbeiningar sem eru að finna á [heimasíðu ráðuneytisins](#).

Úthlutun styrkja fer eftir þeim skilmálum sem fram koma í reglum ráðuneytisins og leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar, sem finna má á ofangreindri heimasíðu.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina.

Um styrkveitingar til verkefna félagasamtaka í málaflöknum gilda lög um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra.

Matshópur, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími

Opið er fyrir umsóknir allt árið með fyrirvara um að fjárheimildir kunni að vera fullnýttar áður en árið er liðið. Mun ráðuneytið af fremsta megni leitast við að svara umsóknum innan þriggja vikna frá móttöku þeirra.

Leiðbeiningar og nánari upplýsingar varðandi umsóknir er að finna á [heimasíðu utanríkisráðuneytisins](#).

Utanríkisráðherra úthlutar styrkjum að fengnu á liti þriggja manna matshóps sem er skipaður tveimur óháðum sérfræðingum á sviði mannúðaraðstoðar og fulltrúa utanríkisráðuneytisins.

Nánari upplýsingar veitir Sóley Ásgeirsdóttir, sérfræðingur í utanríkisráðuneytinu: soley.asgeirsdottir@utn.is.